

**Stjórnarfundur WIFT á Íslandi**  
**Vatnsstígur 22, íbúð 502**  
**Mánudagur 16. desember 2024, kl. 20:00**

**Úr stjórn mættu:**

María Sigríður  
Ylfa Þöll

**Á google meet mættu:**

Ágústa Margrét  
Ríkey

**Fyrsta mál á dagskrá** var Dóra Jóhannesdóttir. Hjá fyrri stjórn WIFT hafði verið mál hennar á borðinu og tók mjög mikinn tíma frá stjórninni sem hafði þau áhrif að ekki var hægt að sinna öðrum verkefnum.

Dóra fór lýsti yfir vantrausti á WIFT á Íslandi. Í samtali Dóru og Maríu fór Dóra fram á afsökunarbeiðni frá stjórn WIFT á Íslandi vegna meintra gaslýsingar og þöggunar í garð Dóru. María átti einnig samtali við Leu, Ágústu og Dögg sem voru í fyrri stjórn WIFT. Þær lýstu yfir að sú stjórn hafi eftir bestu getu reynt að aðstoða Dóru en voru ekki með rétta verkferla til þess. Málið hefur reynt mikið á þær sem voru í stjórn og Dóru. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir þá hafði Dögg sent afsökunarbeiðni til Dóru.

Niðurstaða umræðu á stjórnarfundum 16. Desember þá ætlar stjórnin ekki að senda formlega afsökunarbeiðni á Dóru en vilji senda henni bréf um að þeim þykir miður hvernig málin þróuðust og að það sé verið að vinna í verkferlum til þess að geta stutt við sína félagsmenn við sambærileg mál. María ætlar að skrifa upp drög að bréfi og leggja fram til stjórnar áður en bréfið er sent til Dóru.

**Annað mál á dagskrá** var skipulag á Drive og það var kynnt fyrir stjórnarmeðlimum sem voru mættar á fundinn. Hvert verkefni á sína möppu, einnig á hver og einn í stjórn sína vinnumöppu, þar er hægt að setja drög að pistlum eða hugmyndir að verkefnum sem þær vilja að WIFT vinni að.

**Þriðja mál á dagskrá** var staðan á heimasíðu WIFT. Maríanna Friðþjófsdóttir er búin að vera afkastamikil í heimasíðugerð og er búin að setja upp nýjan server. Við stefnum á að geta gefið út nýjan vef á nýju ári. Það er verið að vinna í að safna upplýsingum til þess að setja á heimasíðuna. María sýndi þeim litinn sem var hugsaður sem grunnlitur fyrir heimasíðuna og samþykkt var að liturinn væri ekki nógu fallegur. Ágústa ætlar að setja í möppu heimasíðunar á Google-Drive reffa að litum.

**Fjórða mál á dagskrá** var samskipti innan stjórnarinnar. Mikilvægt er að hafa skýr og hreinskilin samskipti innan stjórnar. Ekki á að taka þátt í baktali eða annars konar eineltishegðun. Ef upp koma vandamál þá á að fara til Maríu sem formanns og leysa vandamálin saman. Valdeflum hvora aðra innan stjórnarinnar. Við erum grunnur félagsins og mikilvægt er að hafa grunninn sterkbyggðan til þess að byggja á. Með því að hafa góð samskipti okkar á milli höfum við áhrif út á við. Gott samstarf byggist á trausti og góðum samskiptum.

**Fimmta mál á dagskrá** var forgangsröðun verkefna stjórnarinnar. Forgangsverkefni á nýju ári er heimasíða WIFT og verkferlar um mál sem koma á borð til stjórnarinnar. Fyrsti fundur á nýju ári verður vinnustofa fyrir verkferlana. Ríkey og Ylfa bera ábyrgð á verkefninu og ætla að hittast sín á milli og koma verkefninu af stað áður en við höfum vinnustofu. Það væri svo gaman að hafa útgáfuteiti fyrir nýja heimasíðu.

**Sjötta mál á dagskrá** var önnur mál. Í febrúar/mars ættum við að fara að geta skoðað önnur verkefni hjá WIFT eins og að hafa ráðstefnur um verktakagreiðslur, styrkumsóknir og þess háttar. Einnig önnur verkefni eins og árshátíð, námskeið og fleira.

Við viljum tengja okkur við önnur félög erlendis og sækja um styrki til þess að fara á ráðstefnur erlendis. Við skoðum það á nýju ári þegar forgangsverkefni eru komin vel á skrið.

Fundi var slitið klukkan 21:10